Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Reykjavík 10. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi). (Þingskjal 547 – 401. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að lögfest verði sérstakt ákvæði um ofbeldi í nánum samböndum (heimilisofbeldi) í almenn hegningarlög.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur gildi almennra laga á Íslandi, eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og eiga þau rétt til að lifa og þroskast í besta mögulega umhverfi og aðstæðum. Slíkur réttur er jafnframt tryggður börnum í stjórnarskrá.

Barnaheill taka heilshugar undir þau sjónarmið sem fram koma í kafla 3.4 í almennum athugasemdum með frumvarpinu, þar sem helstu röksemdir fyrir því að lögfesta ákvæði um heimilisofbeldi í hegningarlög eru raktar. Með því að lögfesta heildarákvæði um heimilisofbeldi, eru gefin skýr skilaboð um að samfélagið vilji vernda fólk sérstaklega sem býr við ofbeldisaðstæður og vinna ákveðið og markvisst gegn ofbeldi í nánum samböndum. Slík ákvæði geta auk réttarverndar gagnvart einstaklingum haft almennari varnaðaráhrif.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur athygli verið sérstaklega beint að áhrifum heimilisofbeldis á börn í rannsóknum á undanförnum árum. Hafa þær sýnt fram á það að börn geta orðið fyrir alvarlegum og langvarandi skaða við það eitt að búa inni á heimili þar sem ofbeldisástand ríkir, og þurfa þau ekki með beinum hætti að hafa orðið fyrir ofbeldi sjálf til þess að verða fyrir skaða. Það er nóg að þau hafi mátt þola og búa við það ógnarástand sem ríkt getur þar sem heimilisofbeldi á sér stað. Tekið er sérstaklega undir þau orð í frumvarpinu sem lúta að umfjöllun um fyrri norskar lagabreytingar þar sem bent er á að lagaákvæði verða að ná vel utan þau flóknu og heildstæðu áhrif sem ofbeldið hefur. Er þá vísað til þeirra ógnar og andlegu áhrifa sem fylgi heimilisofbeldi sem og til hótana um líkamsmeiðingar sem eru liður í

kerfisbundinni kúgun/misnotkun. Nýjustu íslenskar rannsóknir á reynslu barna sýna glögg dæmi um slíkt ástand.

Hvað varðar þann kafla frumvarpsins sem lýtur að skilgreiningu á heimilisofbeldi benda Barnaheill sérstaklega á skilgreiningu Istanbúl samningsins (b-lið, 3.gr.), þar sem fjárhagslegt ofbeldi er nefnt auk annarra forma. Aukin athygli beinist nú að fjárhagslegu ofbeldi í nánum samböndum. Rannsóknir sýna að slíkt ofbeldi getur m.a. bitnað á börnum.

Þá er rétt að nefna að heimilisofbeldi getur verið hluti af hvers kyns ofbeldi og vanrækslu á börnum en þetta tvennt er oft nefnt ill meðferð á börnum (e. *child maltreatment*). Ein skilgreining hennar er eftirfarandi:

> „Ill meðferð á börnum er fólgin í öllum formum líkamlegrar og/eða tilfinningalegrar slæmrar meðferðar, kynferðisofbeldi, vanrækslu og viðskiptalegri eða annars konar misnotkun sem leiðir til raunverulegs eða mögulegs skaða á heilsu barns, lifun (e. *survival*), þroska þess eða virðingu í persónulegum tengslum sem byggja á trausti, ábyrgð og valdastöðu.“[1]

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög. Lögfesting á heimilisofbeldisákvæði í hegningarlög er ákall og skýr skilaboð til samfélagsins um að vinna saman gegn ofbeldi í nánum samböndum. Vernd barna gegn ofbeldi þarf að ná inn fyrir veggi heimilisins og þar með þarf friðhelgi einkalífs og heimilis að víkja þar sem friðhelgi barnsins hefur verið rofin og réttinum til verndar hefur ekki verið framfylgt. Börn eiga, án mismununar, að njóta verndar umfram aðra einstaklinga í samfélaginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

[1] Butchart, Putney, Furniss og Kahane, 2006, eins og birtist hjá Guðrúnu Kristinsdóttur, 2014.

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 2. febrúar 2016 2016010053

Efni: Umsögn - Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi) - 401 mál.
Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401 mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 21. janúar 2016, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401 mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa hefur ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en telur samt sem áður ástæðu til þess að hvetja Alþingi til þess að samþykkja frumvarpið svo fullgilda megi samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamninginn). Ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi hefur alvarleg áhrif á uppeldisskilyrði og þroska barna og mikilvægt að uppræta það með öllum tiltækum ráðum. Þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru nauðsynlegar á þeirri vegferð.

Hins vegar leyfir Barnaverndarstofa sér að benda allsherjar- og menntamálanefnd á að ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi er félagslegt vandamál sem mikilvægt er að taka á innan félagslega kerfisins samhliða framgöngu málanna innan refsivörslukerfisins. Er slík vinna ekki síst á forræði félags- og barnaverndaryfirvalda sveitarfélaga. Fyrir nokkrum misserum stóð Barnaverndarstofa fyrir tilraunaverkefni ásamt sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu varðandi vinnslu mála þar sem heimilisofbeldi hefur verið á heimilum þar sem börn dveljast þar sem áhersla er lögð á að ræða við börnin og veita þeim aðstoð eftir að málin koma upp. Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) skilaði nýlega niðurstöðum úttektar á því tilraunaverkefni. Í þeim niðurstöðum kemur fram að mikilvægt er að barnaverndarnefndir sveitarfélaga hafi bolmagn til þess að sinna þessum börnum sérstaklega. Slík vinna er óumdeilanlega þeim börnum sem málin varða fyrir bestu. Hefur Barnaverndarstofa áhyggjur af því að sveitarfélögin hafi ekki fjárhagslega burði til þess að sinna þessum málum eins vel og þau vilja vegna skorts á fjármagni. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi á að ekkert sveitarfélaganna sem tók þátt í tilraunaverkefninu hefur talið sér fært að halda vinnulaginu áfram eftir að verkefninu lauk þrátt fyrir ánægju með það. Einnig liggur það fyrir að vísbendingar eru um að að starfsmenn sem vinna við barnavernd hjá sveitarfélögunum séu of fáir og hver starfsmaður hafi of mörg mál á sínum herðum til þess að geta sinnt þeim eins vel og þeir vildu gera og í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem krafa er gerð um í barnaverndar- og stjórnsýslulögum. Telur Barnaverndarstofa mikilvægt að vekja athygli Alþingis á þessum staðreyndum svo unnt verði að gera bragarbót á.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/ Reykjavík 3. febrúar 2016

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til almennra hegningarlaga (samningur Evrópuráðsins um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál.

Af hálfu héraðssaksóknara er tekið undir þau meginsjónarmið sem frumvarpið byggir á, þ.e. að Ísland geti fullgilt s.k. Istanbúlsamning og að heimilisofbeldi, eða ofbeldi í nánum samböndum, sé tekið föstum tökum. Héraðssaksóknari gerir ekki athugasemdir við 1.-3. gr. og 5.-7. gr. frumvarpsins.

Að því er varðar 4. gr. kemur fram að hinu nýja ákvæði í 218. gr. b almennra hegningarlaga eigi að meginstefnu til að beita einu og sér en ekki samhliða öðrum ákvæðum hegningarlaga s.s. 217.gr, 218. gr., 225. gr., 226. gr. og 233. gr. Í athugasemdum við 4. gr. er svo umfjöllun um andlegt ofbeldi, m.a. því að beita grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingum og ásökunum. Segir í framhaldi af þessari umfjöllun: „Í þessu ljósi er lagt til að refsinæmi ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar geti falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu og velferð þolanda er ógnað á anna hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum. Með þetta í huga vaknar sú spurning hvernig hið nýja ákvæði muni taka til háttsemi sem átt hefur undir 233. gr. b almennra hegningarlaga um stórfelldar ærumeiðingar gegn nákomnum. Nauðsynlegt er að mati héraðssaksóknara að skýrt sé hvernig samspil hins nýja ákvæðis í 218. gr. b og 233. gr. b verður. Til hliðsjónar er vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 843/2014.

Þá er fjallað sérstaklega um það í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins hverjir eigi að njóta réttarverndar samkvæmt ákvæðinu. Er þar m.a. tekið sérstaklega fram að sambúðarmaki í skilningi ákvæðisins verði ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum svo ákvæðið komi til skoðunar. Upp koma reglulega mál hjá lögreglu og ákæruvaldi þar sem grunur leikur á ofbeldi (í rúmri merkingu) í nánum samböndum og sakborningur og þolandi eru ungir að árum. Viðkomandi eru í parasambandi sem hefur jafnvel staðið í nokkur tíma en aðilar búa báðir í foreldrahúsum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að vafi leiki á því hvort þau ákvæði sem komu inn í almenn hegningarlög með lögum nr. 27/2006 taki til slíkra sambanda, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 312/2015.

Héraðssaksóknari telur því nauðsynlegt að skýrt verði hvort hið nýja ákvæði í 218. gr. b taki til slíkra sambanda.

Loks telur héraðssaksóknari að taka þurfi ákvörðun um hvort ákæruvaldið vegna brota á hinu nýja ákvæði verði hjá lögreglustjórum eða hjá héraðssaksóknara.

Kolbrún Benediktsd.

Kolbrún Benediktsdóttir
varahéraðssaksóknari

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

nefndasvid@althingi.is

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 26.01.2016
1601020 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál, þskj. 547, lþ. 145.

Þann 21. janúar 2016 barst Jafnréttisstofu beiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um umsögn um frv. til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál, þskj. 547. Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifæri til að senda inn umsögn um málið.

Drög að frumvarpi þessu voru birt á vef innanríkisráðuneytisins þann 29. september 2015. Í október sendi Jafnréttisstofa innanríkisráðuneytinu nokkrar athugasemdir varðandi frumvarpsdrögin. Í greinargerðinni með því lagafrumvarpi sem hér er til umsagnar kemur fram undir lið nr. 5 *Samráð,* að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra efnislegu athugasemda og ábendinga sem nokkrir aðilar, þ.á.m. Jafnréttisstofa, sendu inn. Jafnréttisstofa sendir nú allsherjar- og menntamálanefnd a.m.l. sömu athugasemdir til þess að löggjafinn eigi þess kost að fara yfir þær og taka tillit til þeirra.

Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komið lagafrumvarp sem stuðla á að því að hægt sé að fullgilda Istanbúl samninginn af Íslands hálfu.

Jafnréttisstofa fangnar því að lagt sé til að tekið sé upp í almenn hegningarlög sérstakt ákvæði sem á að ná yfir ofbeldi í nánum samböndum (heimilisofbeldi). Það er mikilvægt að ákvæði um ofbeldi í nánum samböndum verði lögfest m.a. til að bæta skráningu slíkra ofbeldisbrota og gera það sýnilegra í opinberum gögnum. Nauðsyn á að taka svona ákvæði upp í lög hefur ítrekað komið fram hjá þeim sem vinna í slíkum málum. Má þar nefna verkefnið „Að halda glugganum opnum“ á Suðurnesjum sem t.d. sýndi fram á að misbrestur var í skráningum hjá lögreglu. *Samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis* hefur, í samstarfi við Jafnréttisstofu, staðið fyrir námskeiðum um allt land um „Suðurnesjaleiðina“ fyrir lögreglu, félagsþjónustu, heilbrigðisstofnanir og fleiri. Alls staðar hefur komið fram krafan um að ákvæði um ofbeldi í nánum samböndum (heimilisofbeldi) sé lögfest. Jafnréttisstofa tekur undir mikilvægi þess.

Í greinargerðinni með frumvarpinu, í kafla 3.4, segir að horft sé frá því „að líta á ofbeldi í nánum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá

viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hefur í för með sér“. Ofbeldisbrot í nánum samböndum verði „virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig“. Jafnréttisstofa tekur undir þessi orð í greinargerðinni og bendir á mikilvægi þessarar breytingar fyrir réttarstöðu brotaþola.

Jafnréttisstofa tekur enn fremur undir þá afstöðu sem fram kemur skýrt í greinargerðinni að með því að lögfesta sérstakt ákvæði sem tekur á ofbeldi í nánum samböndum þá endurspegli það „þá afstöðu samfélagsins að slík háttsemi líðist ekki í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins:

Yfirskrift XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er „Manndráp og líkamsmeiðingar“. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í þennan kafla ákvæði um ofbeldi í nánum samböndum, en það orðalag kemur hinsvegar hvergi beint fram, hvorki í kaflaheitinu né í ákvæðinu sjálfu, þ.e. 218. gr. b. Eins og skýrt kemur fram í greinargerðinni sem fylgir frumvarpsdrögunum getur ofbeldi í nánum samböndum verði andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi og félagslegt ofbeldi. Ekki er skilyrði að í ofbeldinu felist líkamsmeiðingar. Jafnréttisstofa telur mikilvægt að hugtakið „ofbeldi í nánum samböndum“ sé nefnt í ákvæðinu sjálfu eða a.m.k. í kaflaheitinu til að gefa réttari mynd af innihaldi kaflans og þeirri réttarvernd sem ákvæðum hans er ætlað að veita. XXIII. kafli gæti þá borið yfirskriftina „Manndráp, líkamsmeiðingar og ofbeldi í nánum samböndum“.

Um 4. gr.

Varðandi ákvæði um ofbeldi í nánum samböndum, bendir Jafnréttisstofa á að skilgreiningin á heimilisofbeldi í Istanbúl samningnum er nokkuð víðari en sú sem lagt er til að notuð verði hér. Jafnréttisstofa telur að fara þurfi betur yfir það hvort hugsanlega þyrfti að hafa ákvæði víðtækara. Mun ákvæðið t.d. ná yfir fólk í nánu sambandi sem ekki hefur deilt húsnæði? Af greinargerðinni virðist mega ráða að sambúð um einhvern tíma, þótt hún hafi verið stutt og ekki formlega skráð, sé skilyrði fyrir því að ákvæði eigi við. Skilgreining í Istanbúl samningnum gerir það ekki að skilyrði að fólk hafi búið saman, þ.e. deili eða hafi deilt heimili eða þolandi búi á heimili geranda eða sé „í hans umsjá“. Rétt er hér að benda á tilvísun í greinargerðinni, neðst á bls. 7 í kafla 3, til verklagsreglna embættis ríkislögreglustjóra frá 2014. Tekin er upp skilgreining á heimilisofbeldi í verklagsreglunum og samkvæmt nær hugtakið heimilisofbeldi yfir ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af nákomnum, „þ.e. gerandi og þolandi eru skyldir, tengdir eða **hafi sögu um tengsl**“. (leturbreyt. IE)

Jafnréttisstofa telur að rýmka þurfi gildissvið ákvæðisins þannig að réttarverndin nái yfir fólk sem hefur „sögu um tengsl“ við geranda, og að ekki skipti máli hvort gerandi deilir, deilir ekki eða hafi deilt húsnæði með þolanda, sbr. b lið 3. gr. Istanbúl samningsins.

Jafnréttisstofa

Um 5. gr.

Varðandi 5. gr. í frumvarpsdrögunum um bann við því að neyða aðra manneskju, fullorðna eða barn, til að ganga í hjúskap þá spyr Jafnréttisstofa hvort hið nýja ákvæði nái nægilega vel utan um þær aðstæður sem því er ætlað að ná yfir. Í hjúskaparlögum er lágmarksaldur til að ganga í hjúskap 18 ár, sbr. 1. ml. 7. gr. laga nr. 31/1993. Skv. 2. ml. sömu greinar er hægt að heimila yngra fólki að ganga í hjúskap „enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar". Myndi ákvæði, eins og það er orðað núna, ná yfir þær aðstæður þar sem foreldrar myndu ákveða að barn þeirra gengi í hjúskap, þar sem ekkert lægi fyrir um huglæga afstöðu barnsins/unglingsins til ráðstöfunarinnar? Í greinargerðinni með ákvæðinu er talað, að því er virðist jöfnum höndum, um að neyða eða þvinga. Orðalag ákvæðisins og hinar nauðsynlegu skýringar sem er að finna í greinargerðinni mættu vera í betra samræmi til að tryggja þá réttarvernd sem ákvæðinu er ætlað að veita.

Rétt er að geta þess að Jafnréttisstofa tekur hér aðeins afstöðu til þessa frumvarps en ekki til þess hvort hugsanlega þyrfti að breyta öðrum lagaákvæðum eða bæta nýjum við til þess að uppfylla allar skyldur skv. Instanbúl samningnum.

Jafnréttisstofa áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir eða ábendingar á síðari stigum, ef þurfa þykir.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum og athugasemdum allsherjar- og menntamálanefndar, ef einhverjar eru og er tilbúin til að senda fulltrúa á fund nefndarinnar, verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst,

f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasd.

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Bréfsími: 460 6201 Netfang: jafnretti@jafnretti.is

Alþingi 9.2.2016
Málsnr.: 1512026
0342

LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Alþingi

Reykjavík, 2. febrúar 2016

Umsögn embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, þingskjal 547 – 401. mál á 145. löggjafaþingi 2015-2016.

Vísað er til tölvupósts, dags. 21. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1040. Um er ræða breytingar í því skyni að fullgilda Istanbúl-samninginn svonefnda, þ.e. samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.
Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fagnar framangreindu frumvarpi. Það er álit lögreglustjóra að frumvarpið sé í alla staði vel unnið og að vel hafi tekist til við að ná fram markmiðum Istanbúl-samningsins.
Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur eina athugasemd við framkomið lagafrumvarp en hún varðar túlkun refsiréttarnefndar á því hvort þörf sé að setja sérstakt refsiákvæði í íslenska löggöf er varðar umsáturseinelti (e. stalking) og fjallað er um í kafla 2.2.2. frumvarpsins. Refsiréttarnefnd taldi að ekki væri þörf á sérstöku lagaákvæði og taldi að lög nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili myndu fullnægja þeim skilyrðum sem Istanbúl-samningurinn gerir kröfur um til fullgildingar hans. Eftir því sem næst verður komist hefur verið innleitt í refsilöggjöf á öðrum Norðurlöndum sérstakt/sérstök ákvæði um umsáturseinelti á sl. árum og byggist sú afstaða annarra Norðurlandaþjóða einnig á Istanbúl-samningnum. Það er mat lögreglustjóra að jafnframt sé þörf á slíku lagaákvæði hér á landi, rétt eins og á öðrum Norðurlöndum en eðli þeirra mála geta um margt verið ólík lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili þó oft á tíðum geti þau farið saman. Þá hafa dómstólar afar sjaldan fallist á að úrskurða um nálgunarbann á grundvelli þess að „raskað sé friði brotaþola“ eins og fram kemur í 4. gr. laganna. Dómstólar hafa að meginstefnu til aðeins litið til rökstudds gruns um brot.

Umsáturseinelti (e. stalking) er um margt ólíkt öðrum brotum, þ.e. lúta að huglægum ótta og kvíða þeirrar manneskju sem er elt eins og skilgreining Dr. Lamber Royakkers segir til um:
„Stalking is a form of mental assault, in which the perpetrator repeatedly, unwantedly, and disruptively breaks into the life-world of the victim, with whom they have no relationship (or no longer have). Moreover, the separated acts that make up the intrusion cannot by themselves cause the mental abuse, but do taken together (cumulative effect).“

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015
Veffang: www.lrh.is
Netfang: lrh@lrh.is

Umsáturseinelti á sér margar myndir og ekki er það alltaf sem aðilar þekkjast eða að um sé að ræða háttsemi sem varðar við almenn hegningarlög.
Sem dæmi getur komið upp sú staða að ókunnur aðili (aðili 1) situr um („stolkar") annan aðila (aðila 2) ítrekað, t.d. á þeim forsendum að aðili 1 sé ástfanginn af aðila 2. Aðili 1 brýtur ekki af sér skv. almennum hegningarlögum, þ.e. beitir ekki hótunum, ofbeldi o.s.frv., heldur sendir t.d. blóm, hringir oft og fylgist með aðila 2 á annan hátt. Í ljósi þess sem hér að framan greinir þarf nokkuð mikið til að koma og dómstólar hafa ekki verið á því að staðfesta ákvarðanir lögreglustjóra í þeim málum þar sem ekki er um brot að ræða, t.d. gegn almennum hegningarlögum. Ef dómstólar í þessum tilvikum myndu staðfesta ákvörðun lögreglustjóra en aðili 1 brýtur ítrekað gegn nálgunarbanni sem honum hefur verið gert að sæta kæmi til greina að fá aðila 1 úrskurðaðan í gæsluvarðhald, t.d. á grundvelli c. eða d. liðar 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í tilvikum sem þessum væri mun betra að fyrir lægju annað/önnur brot, annað en brot á lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Þá verður einnig að teljast eðlilegt að slík háttsemi, þ.e. umsáturseinelti, sé litin alvarlegum augum og hafi afleiðingar enda verði það að teljast sjálfsögð mannréttindi að einstaklingum sé tryggður sá réttur í lögum að ganga um í samfélaginu óáreitt. Er það mat embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hnykkja þurfi á þeim rétti brotaþola að eiga rétt á friðhelgi einkalífs og tryggt verði betur en nú er sá réttur umfram rétt geranda eins og raunar virðist hafa verið meginmarkmið setningu laga nr. 85/2011 en virðist ekki vera nógu skýrt sbr. dómaframkvæmd.

Að mati embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gæti hið íslenska ákvæði hljóðað á eftirfarandi hátt (bein þýðing frá finnska ákvæðinu frá 2014):

> „Ef einstaklingur, endurtekið, hótar, eltir, fylgist með, hefur samband við eða með öðrum hætti áreitir aðra manneskju án lögmætrar ástæðu og með þeirri háttsemi veldur ótta eða kvíða hjá þeirri manneskju skal sá aðili sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum."

Þá vísast til dóms Hæstaréttar Noregs nr. 2012/1900 en þar var norska ríkið dæmt skaðabótaskylt fyrir að veita ekki þolanda umsáturseineltis (stalking) fullnægjandi vernd.
Með vísan til alls framangreinds telur embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að þörf sé á að setja sérstakt lagaákvæði um umsáturseinelti (e. stalking) í íslenska refsilöggjöf.
Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu telur að með þessu frumvarpi hafi verið stigin afar mikilvæg skref í til þess að veita þolendum í þessari stöðu réttarvernd og lögreglu úrræði til þess. Gerir embættið ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
lögreglustjóri

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 2. febrúar 2016.

Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samningur Evróuráðsins um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál. Þingskjal 547-401.

Félagið fagnar þessu frumvarpi svo og fullgildingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningurinn). Um er að ræða vandað frumvarp og markmiðum samningsins náð að mestu leyti. Tímabært að löggjafinn setji meiri áherslur á heimilsofbeldi en verið hefur hingað til með því að skilgreina það sem sérstakt brot.

Stjórn lögreglustjórafélagsins telur umhugsunarvert hvernig ætlað er að lögleiða 34. gr. samningsins um umsáturseinelti (e. stalking). Þessi mál hafa oft reynst erfið og því væri mjög gott að hafa sérstakt ákvæði um þessi brot í almennum hegningarlögum. Við teljum að með setningu sérstaks ákvæðis eins og um ofbeldi í nánum samböndum myndi einnig felast táknræn viðurkenning löggjafans á sérstöðu þessara brota. Teljum að áhersla á alvarleika þessarar brota myndi koma betur fram ef ákvæði um það yrði sett inn í refsilöggjöfina.

Að þessu sögðu erum við mjög hlynnt framangreindu frumvarpi og gerum ekki frekari athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,

Halla Bergþóra Björnsdóttir
formaður Lögreglustjórafélags Íslands

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM
Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444 2200

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 547–401. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) lýsir hér með yfir ánægju sinni með að framangreint frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi) sé komið fram. Að mati LSS eru þær breytingar sem reifaðar eru í frumvarpinu jákvæðar og til þess fallnar að efla úrræði lögreglu og ákæruvalds enn frekar við vinnslu mála þar sem grunur leikur á um að um sé að ræða heimilisofbeldi. Einnig má ætla að frumvarpið sé til þess fallið að auka réttaröryggi brotaþola, vernd og úrræði til handa honum. Tekur LSS heils hugar undir þau sjónarmið sem frumvarpið byggir á og þær forsendur sem raktar eru í greinargerð þess og athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

LSS hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

1. LSS tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn embættis lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu um að þörf sé á sérstöku lagaákvæði varðandi umsáturseinelti (e. stalking). Þá telur LSS mikilvægt að í slíku ákvæði komi fram með skýrum hætti að réttur þess sem fyrir umsáturseinelti verður sé talinn ríkari en réttur þess sem því beitir. Þannig þurfi að koma skýrt fram að friðhelgi þess sem telur sig verða fyrir áreiti sé tryggð. Telur LSS það vera grundvallarmannréttindi einstaklings að þurfa ekki að sæta áreiti frá öðrum einstaklingi og því skuli vera heimilt að skerða réttindi þess sem áreitinu beitir í þeim tilgangi að tryggja friðhelgi þess sem fyrir áreitinu verður. Af þessu sögðu telur LSS brýnt að sérstakt ákvæði um umsáturseinelti verði bætt sérstaklega við almenn hegningarlög. Að mati LSS ganga úrræði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 ekki nógu langt í þessum efnum.

2. LSS gerir athugasemdir við orðalag í kafla 2.2.2. *Umsáturseinelti.* Í fyrstu málsgrein kaflans segir m.a.: *„Beiting nálgunarbanns getur þannig verið ein tegund viðurlaga önnur en refsing"*. Að mati LSS verður nálgunarbann ekki talið til viðurlaga. Að mati LSS ætti frekar að flokka úrræðið nálgunarbann sem eitt af þeim úrræðum sem til boða standa til að tryggja öryggi þolanda ofbeldis eða umsáturseineltis, þ.e. að fyrst og fremst sé um öryggisúrræði að ræða. Með þessari túlkunn sinni vill LSS leggja áherslu á að frekar verði litið svo á að þolendur verði verndaðir með öllum tiltækum ráðum. Með þessari nálgun telur LSS að frekar megi breyta þeim viðhorfum sem LSS hafa virst vera ráðandi fyrir dómstólum, þ.e. að mikið þurfi að ganga á til að „réttindi" gerenda verði skert. LSS vill frekar líta á þetta þannig að það séu ekki sjálfsögð réttindi gerenda að fá að hrella eða beita aðra einstaklinga kúgun og eða ofbeldi, heldur að það séu sjálfsögð réttindi einstaklinga að verða ekki fyrir ofsóknum, beinum eða óbeinum kúgunum og eða ofbeldi.

3. Að lokum ítrekar LSS það sem fram kom í umsögn embættisins þann 23. febrúar 2015, vegna 144. löggjafarþing, þingskjal nr. 778– 470. mál, þ.e. að Alþingi beiti sér og leggi aukna áherslu á að aukið verði við úrræði til handa þeim sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi með beinum og óbeinum hætti, t.d. fyrir brotaþola, börn þeirra og aðra þá sem eru brotaþola nákomnir.

Að sama skapi telur LSS afar brýnt að lögð verði áhersla á að gerendum verði veitt úrræði við hæfi, t.d. að þeim standi til boða sálfræðiaðstoð sem sniðin er að hverjum og einum, meðferðarúrræði t.d. vegna vímu- og áfengisfíknar o.s.frv.

LSS telur að í kjölfar frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar, þar sem úrræði lögreglu og ákæruvalds eru, að mati LSS, komin í góðan farveg, verði lögð aukin áhersla á forvarnir og þær aðstæður sem upp kunna að koma í kjölfarið. Þannig telur LSS afar brýnt að Alþingi og framkvæmdarvaldið beiti sér fyrir auknum forvörnum í þessum málaflokki og að gerðar verði lagabreytingar á þann veg að samstarf verði aukið á milli þeirra aðila sem að heimilisofbeldismálum koma. LSS hefur að undanförnu rekið sig á að við vinnu í málaflokknum hefur borið á því að ýmsar reglur er varða trúnað hafa hamlað því að lögregla og aðrir aðilar geti miðlað upplýsingum sín á milli varðandi gerendur og þolendur. Þannig gera núgildandi lög ekki ráð fyrir því að lögregla og heilbrigðiskerfið geti miðlað upplýsingum sín á milli í þeim tilvikum þegar grunur leikur á um að heimilisofbeldi hafi staðið yfir í lengri tíma. Í aðstæðum sem þessum kann að vera að heilbrigðiskerfið búi yfir upplýsingum um að brotaþoli eigi sér langa sögu um komur á heilbrigðisstofnanir vegna áverka sem grunur leikur á að hafi verið afleiðingar ofbeldis. Í tilvikum sem þessum hafa heilbrigðisstarfsmenn ekki heimildir til að tilkynna lögreglu um grun þeirra um að ofbeldi hafi verið beitt. Í þessu samhengi er þess vert að geta að lögreglu ber skylda til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum um að grunur leiki á um að börnum sé hætta búin á heimili sínu eða að þau hafi verið beitt ofbeldi. Að sama skapi geta barnaverndaryfirvöld beint kærum til lögreglu vegna brota gegn börnum. Þá ber heilbrigðisstarfsmönnum jafnframt að tilkynna til barnaverndaryfirvalda, ekki til lögreglu, þegar grunur er um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Í stuttu máli og með nokkurri einföldun má segja að lögregla megi og eigi í vissum tilvikum að ræða við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld mega setja sig í samband við lögreglu, t.d. með því að beina kæru til lögreglu. Lögregla má ekki ræða við heilbrigðisþjónustuna en heilbrigðisþjónustan má og er í vissum tilvikum skylt að hafa samband við barnaverndaryfirvöld en má ekki hafa samband við lögreglu.

Til að ná böndum yfir heimilisofbeldi í samfélaginu telur LSS afar brýnt að lögreglu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöldum, skólayfirvöldum, heilbrigðisstarfsmönnum og jafnvel fangelsismálayfirvöldum verði í ákveðnum tilvikum heimilt eða skylt að ræða einstök mál og miðla upplýsingum sín á milli þegar grunur leikur á um að heimilisofbeldi hafi beitt eða hætta sé á að því verði beitt. Til að vinna í málaflokknum verði markvissari telur LSS að nauðsynlegt verði að öllum þeim stofnunum sem aðkomu hafa að málaflokknum verði gert kleift að vinna saman. Í því sambandi er nauðsynlegt að heimildir til miðlunar upplýsinga verði skýrar í lögum.

Reykjanesbæ, 2. febrúar 2016.

Ólafur Helgi Kjartansson
lögreglustjóri

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til breytinga á hegningalögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál, þskj. 547.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) gerir athugasemdir við að ekki hafi verið óskað umsagnar skrifstofunnar um ofangreint frumvarp en hefur ákveðið að taka það engu að síður til umsagnar. MRSÍ styður frumvarpið og fagnar því að varpa eigi sterkara ljósi á að ofbeldisbrot eru alvarlegri ef tengsl geranda við þolanda er náið, heldur en almennt er um ofbeldisbrot. MRSÍ hefur trú á að með lagabreytingunni náist þau markmið sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að vernda þolendur enn frekar og minnka tíðni ofbeldis í nánum samböndum á Íslandi. Með frumvarpinu er, góðu heilli, farið enn lengra frá þeirri úreltu hugmynd að heimilisofbeldi sé fjölskyldumálefni einstaklinga.

Þær breytingar sem frumvarpið leggur til, miða að því að fullgilda samning Evrópuráðsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, svokallaðan Istanbúlsamning, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu árið 2011. Með samningnum og því lagafrumvarpi sem hér er til umsagnar, er leitast við að styrkja framkvæmdavaldið til að meðhöndla heimilisofbeldi sem alvarlegt samfélagslegt valdamál. Bent skal á að stjórnvöldum ber að vinna gegn heimilisofbeldi og vernda þolendur þess, ekki aðeins vegna fyrirhugaðrar fullgildingar Istanbulsamningsins, heldur og vegna þess að alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem ríkið hefur þegar undirgengist og fullgilt krefjast þess. Þannig hefur nefndin sem starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CSW), slegið því föstu að kynbundið ofbeldi falli undir samninginn. Eins hefur nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT), sem starfar á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, skilgreint heimilisofbeldi sem pyndingar, sem þannig falla undir gildissvið samningsins (almenn athugasemd nefndarinnar nr. 2, útgefin 23. nóvember 2007).

MRSÍ tekur heilshugar undir þau orð í greinargerð með frumvarpinu að með lögfestingu sérstaks ákvæðis sem taki á ofbeldi í nánum samböndum sé endurspegluð sú afstaða samfélagsins að slík háttsemi líðist ekki í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21
Netfang/ E-mail: info@mannrettindi.is

Ef litið er til 4. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um nýtt ákvæði við 218. gr. laganna, þ.e. 218. gr. b, þá veltir MRSÍ því fyrir sér hvort ekki megi skerpa á orðalagi ákvæðisins þannig að ljóst megi vera að átt sé við ofbeldi í nánum samböndum, ekki einungis þá sem búa saman eða hafa búið saman. Í greinargerð með ákvæðinu segir að vísu að með ákvæðinu verði ofbeldi í nánum samböndum lýst sérstaklega refsivert. Þar segir enn fremur að þó flest brot í nánum samböndum eigi sér stað innan veggja heimilisins þá hafi brotavettvangur ekki sérstaka þýðingu fyrir beitingu ákvæðisins. MRSÍ veltir engu að síður fyrir sér hvort ákvæðið eins og það hljóðar nú endurspegli þá víðu skilgreiningu á heimilisofbeldi er Istanbulsamningurinn inniheldur þar sem það virðist gert að skilyrði, til að ákvæðið eigi við, þá þurfi að hafa verið um sambúð til einhvers tíma að ræða en slíkt skilyrði er ekki að finna í Istanbulsamningnum (sjá b-lið 3. gr. Samningsins)

Í greinargerðinni er fjallað um umsáturseinelti og er ekki talið að gera þurfi breytingu á hegningarlögum þess vegna, þ.e. að í ljósi þeirra ákvæða sem finna má í núgildandi hegningarlögum og lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimilum, verði ekki talið að 34. gr. Istanbulsamningsins kalli á sérstakar breytingar á íslenskri löggjöf.

MRSÍ furðar sig á því að ekki skuli talin þörf fyrir breytingar á löggjöf vegna 34. gr. Istanbulsamningsins. Mjög hefur verið rætt á alþjóðlegum og opinberum vettvangi að þrátt fyrir að ákvæðið mæli ekki sérstaklega fyrir um vörn gegn umsáturseinelti á netinu sé því þó ætlað að taka á öllum birtingarmyndum umsáturseineltis. Mál vegna cyberstalking (umsáturseinelti á netinu- að nota tölvupósta, samfélagsmiðla, internetið, og fleiri stafræna miðla til að ergja, áreita og hóta fólki) hafa komið upp hér á landi sem víðast annars staðar og hefur í því sambandi verið rætt að heimildir skorti til að taka á slíku einelti eða að löggjöfin sé ekki nógu skýr. Í því ljósi virðist MRSÍ verða að skoða hvort tilefni sé til að skýra þau ákvæði er taka til umsáturseineltis svo ljóst megi vera að allar tegundir þess falli undir þann refsiramma sem því er sett, hvort sem er á netinu eða utan þess.

Í ljósi þess að með frumvarpi þessu er ætlunin að gera breytingar á almennum hegningarlögum svo ákvæði þeirra samræmist Istanbulsamningnum, veltir MRSÍ fyrir sér hvers vegna ekki var talin ástæða til breytinga á 194. gr. hegningarlaga. Í ákvæði 36. gr. Istanbulsamningsins sem tekur til nauðgunar, er mælt fyrir um að í refsilöggjöf um nauðgun skuli fyrst og fremst líta til þess hvort samþykki viðkomandi liggi fyrir en ekki hvaða verknaðaraðferðum var beitt. Endurspeglar ákvæðið niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu M.C. gegn Búlgaríu, en þar segir að löggjöf um nauðgun þar sem ofuráhersla eða höfuðáhersla er lögð á verknaðaraðferðir fremur en hvort samþykki brotaþola hafi legið fyrir, brjóti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Er það því jafnt álit Mannréttindadómstólsins sem og útgangspunktur í Istanbulsamningnum að það sé ekki valdbeitingin heldur skortur á samþykki sem sýni fram á nauðgun.

Í ljósi þess er að framan greinir er að mati MRSÍ nauðsynlegt að endurskoða 194. gr. hegningarlaga. Því til viðbótar sem fram er komið skal bent á skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um meðferð nauðgunarmála en þar segir m.a. orðrétt:

> „Þá háttaði svo til í mörgum málum sem voru kærð að lýsingar kærenda eða önnur atvik gerðu að verkum að ekki var hægt að sýna fram á að verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæða um kynferðisbrot væri fullnægt, s.s. um ofbeldi, hótun, nauðung eða misneytingu.“

Ljóst er að í íslenskum rétti er enn fyrst og fremst litið til verknaðaraðferða fremur en þess hvort samþykki brotaþola hafi legið fyrir. Þungamiðjan í skilgreiningum á kynferðisbrotum ætti hins vegar að vera hvort kynfrelsi, athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarréttur brotaþola hafi verið virt. Meðan engin breyting verður á núverandi fyrirkomulagi verður ekki séð að ákvæði Istanbulsamningsins séu uppfyllt og þar af leiðir að samningurinn getur ekki talist fullgiltur af Íslands hálfu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21
Netfang/ E-mail: info@mannrettindi.is

2.2.2016

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 21. janúar 2016 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (þskj. 547, 401. mál á 145. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson
Skrifstofustjóri lögfræðisviðs | Head of Legal Department
Persónuvernd | Data Protection Authority
Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is

Alþingi 18.2.2016
Málsnr.: 1512026
Málalykill: 0342

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/
Tilv.: 201601-0019

Reykjavík, 3. febrúar 2016

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi) 401. mál.

Frumvarpið er unnið af refsiréttarnefnd, sem ríkissaksóknari á sæti í. Ríkissaksóknari hefur ekki verið með sérálit um málið í nefndinni og gerir því engar athugasemdir við frumvarpið.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

Pósthólf: Hverfisgata 6, 150 Reykjavík
Sími: 530-1600
Netfang: rsak@rmd.is
Bréfsími: 530-1606
Kennitala: 530175-0229

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 2. febrúar 2016
UB: 1602/4.1.1

Efni: Frumvarp til almennra hegningarlaga (samningur Evrópuráðsins um baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi), 401. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Fullgilding á samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi væri mikilvægt skref í þá átt að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og skaðlegum hefðum sem stefna velferð barna í verulega hættu. Fagnar umboðsmaður barna því frumvarpinu og vonar að það verði að lögum.

Heimilisofbeldi getur haft alvarleg áhrif á velferð og þroska barna, hvort sem ofbeldið beinist beinlínis gegn þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum. Að mati umboðsmanns barna er löngu tímabært að viðurkenna slíkt ofbeldi sem sérstakt brot í almennum hegningarlögum. Refsiákvæði um heimilisofbeldi eykur ekki einungis refsivernd þeirra sem verða fyrir slíku ofbeldi, heldur felur jafnframt í sér mikilvæga stefnuyfirlýsingu um alvarleika slíks ofbeldis.

Í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær breyting á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975. Að gefnu tilefni vill umboðsmaður barna vekja athygli á því að samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna er gert ráð fyrir því að foreldrar skuli taka þátt í umsókn um fóstureyðingu með stúlkum undir 16 ára aldri, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Hægt er að túlka umrætt ákvæði þannig að foreldrar þurfi almennt að samþykkja fóstureyðingar hjá stúlkum undir 16 ára aldri. Börn eiga sjálfstæðan rétt til friðhelgi einkalífs og eiga að fá stigvaxandi rétt til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama. Það samræmist illa þessum réttindum að foreldrar geti komið í veg fyrir fóstureyðingu hjá ungri stúlku og þannig ákveðið fyrir hennar hönd að hún eigi að ganga með og eignast barn. Telur umboðsmaður barna því rétt að breyta umræddu ákvæði, þannig að tekið sé skýrt fram að stúlkur á öllum aldri eigi sjálfsákvörðunarrétt um það hvort þær kjósi að fara í fóstureyðingu eða ekki.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna